



Forsætisnefnd

Reykjavík, 13. apríl 2026

MSS24080092

Endurskoðaðar reglur um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar

Á fundi sínum þann 29. ágúst sl. samþykkti forsætisnefnd að hefja endurskoðun á reglum um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkur. Forsætisnefnd samþykkti að fela viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur að gera tillögu að breytingum á reglunum m.a. m.t.t. þess að setja viðmið um hversu lengi fánar skuli blakta við stjórnsýsluhús. Endurskoðun fór einnig fram til að tryggja að auðveldara sé fyrir kjörna fulltrúa að sýna þjóðum og íbúum samstöðu þegar við á.

Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur yfirfór reglurnar og gerði tillögur að breytingum fyrir lokayfirferð skrifstofu borgarstjórnar. Hjálögð er tillaga að endurskoðuðum reglum um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar með ákvæði um hversu lengi flöggun fánum annarra ríkja í samstöðuskyni skal standa yfir. Aðrar breytingar sem gerðar voru snúa einkum að auðkenningu fánastanga auk þess sem málfar var lagfært.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Endurskoðaðar reglur um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkur.